

## Elías Jónatansson



Ég hef starfað sem orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða frá árinu 2016. Þar á undan starfaði ég sem bæjarstjóri í Bolungarvík frá árinu 2008 til 2016. Áður hafði ég starfað við framleiðslustjórnun í sjávarútvegsfyrirtækjum og hönnun á verkfræðistofu.

Ég lauk prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1983 en er jafnframt með MSc próf í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University.

Ég var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur þegar tekin var ákvörðun um að sameina sjóðinn Frjálsa lífeyrissjóðnum árið 2006, en við það fjölgaði sjóðfélögum Frjálsa um 4 þúsund. Ég var fyrst skipaður í stjórn Frjálsa árið 2007 og hef setið í stjórn síðan þá.

Ég hef mikinn áhuga á að vinna áfram að eflingu sjóðsins með skynsamlegri fjárfestingarstefnu þar sem sjóðfélagar hafa val um hversu mikla áhættu þeir eru tilbúnir að taka til að ná ásættanlegri ávöxtun.

Ég tel mikilvægt að gera sjóðinn sýnilegri með markvissri markaðssetningu og kynningu á kostum sjóðsins og betra aðgengi sjóðfélaga. Liður í þessu verkefni er nýleg uppfærsla á merki sjóðsins og markaðsefni ásamt gjörbreyttri heimasíðu sem tekur mið af vaxandi notkun á snjalltækjum.

Ég lít á það sem hlutverk stjórnar að vera stöðugt vakandi fyrir möguleikum á lækkun rekstrarkostnaðar sem ekki má þó koma niður á ávöxtun sjóðsins. Það hefur stjórnin gert með endurnýjun rekstrarsamnings með reglulegu millibili þar sem hlutfallslegur rekstrarkostnaður hefur lækkað.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi útvistað starfsemi sinni til eins rekstraraðila hverju sinni. Stjórn sjóðsins hefur nú gert breytingar á því fyrirkomulagi og er framkvæmdastjóri sjóðsins ráðinn beint af stjórn sjóðsins óháð rekstraraðila auk þess sem innri endurskoðun verður útvistað til annars óháðs aðila. Stjórn hefur verið samstíga í því að gera þessar breytingar sem hún telur að muni auka skilvirkni í stjórnun sjóðsins og eftirliti með starfsemi hans. Jafnframt má færa fyrir því góð rök að slíkar breytingar muni valda því að rekstraraðili leggi sig enn frekar fram í að ná góðum árangri með ávöxtun og rekstur sjóðsins.

Þá hefur stjórn sett fram tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins sem gera ráð fyrir að sjóðfélagarnir sjálfir taki um það ákvörðun hvort breytingar verði gerðar á rekstrarformi sjóðsins eða rekstraraðila.

Þessum breytingum vil ég gjarnan fá að fylgja eftir í stjórn sjóðsins.